


Ísafjarðarbær
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður



Reykjavík, 5. maí 2017
Tilvísun: 0618



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is
www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Styrkúthlutun 2017:
Faktorshús, Neðstikaupstaður, Ísafjörður

Minjastofnun Íslands þakkar umsókn um styrk úr húsafríðunar-sjóði til ofangreinds verkefnis.

Ákveðið hefur verið að veita styrk að upphæð kr. 3.000.000 til verkþáttarins: **Gluggar og klæðning á vesturgaffli**.

Eins og fram kemur í 5. gr. reglna um úthlutun úr húsafríðunarsjóði, nr. 577/2016, gerir Minjastofnun Íslands samning um greiðslu styrks sé styrkupphæð hærri en 1,5 m.kr., þar sem kveðið er á um greiðslufyrirkomulag styrksins.

Meðfylgjandi er samningsform sem styrkþegi er beðinn um að undirrita og senda Minjastofnun Íslands. Jafnframt þarf að setja í samninginn upplýsingar um þann bankareikning sem óskad er eftir að styrkur verði millifærður á. Bankareikningur þarf að vera á kennitölu styrkþega, sem fram kemur í samningi.

Afrit af samningi, undirrituðum af Minjastofnun Íslands, mun verða sent styrkþega.

Vakin er athygli á því að sé styrkþegi ekki skráður þinglýstur eigandi að a.m.k. 50 prósent hluta þess húss eða mannvirkis sem um ræðir þarf að afla skriflegs leyfis frá meirihluta eigenda eða eigenda að a.m.k. 50 prósent hluta. Skriflegt leyfi, undirritað af eigendum og vottað af tveimur aðilum, þarf að berast Minjastofnun Íslands áður en greiðsla styrks getur farið fram.

F.h. Minjastofnunar Íslands

Kristin Huld Sigurðardóttir
forstöðumaður



Minjastofnun
Íslands

Samningur um styrk úr húsafríðunarsjóði

Minjastofnun Íslands, kt. 440113-0280, hér eftir nefnd styrkeitandi, og Ísafjarðarbær, kt. 540596-2639, hér eftir nefnd/ur styrkþegi gera með sér eftifarandi samning um styrkeitingu úr húsafríðunarsjóði.

1. gr.
Markmið

Samkvæmt 43. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar er markmið og hlutverk húsafríðunarsjóðs að stuðla að varðveislu og viðhaldi friðlýstra og friðaðra húsa og mannvirkja. Í því skyni veitir sjóðurinn styrki til viðhalds og endurbóta á friðlýstum og friðuðum húsum og mannvirkjum. Jafnframt er sjóðnum heimilt að veita styrki til viðhalds annarra mannvirkja sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi. Sjóðnum ber einnig að stuðla að byggingarsögulegum rannsóknum, þar með talið skráningu húsa og mannvirkja og miðlun upplýsinga úr þeim.

Um úthlutun og greiðslufyrirkomulag styrks gilda ákvæði samnings þessa, sbr. 5. gr. reglna nr. 577/2016 um úthlutun úr húsafríðunarsjóði, sem styrkþegi hefur kynnt sér og skuldbindur sig að hlíta.

Umsókn styrkþega og fylgiskjöl, sem uppfylla auglýst skilyrði fyrir styrkeitingum, og reglur um úthlutanir styrkja úr húsafríðunarsjóði nr. 577/2016 teljast hluti af samningi þessum.

2. gr.
Fjárhæð styrks

Styrkeitandi hefur ákveðið, sbr. 2. gr. reglna nr. 577/2016, að veita styrkþega styrk úr húsafríðunarsjóði. Styrkurinn er veittur til verkefnisins Faktorshús, Neðstikaupstaður, Ísafjörður, sbr. umsókn styrkþega númer 618201612.

Fjárhæð styrksins nemur kr. 3.000.000 og greiðist inn á reikning á kennitölu styrkþega númer _____ - _____ - _____, eftir því sem nánar greinir í samningi þessum.

3. gr.
Framkvæmd

Styrkurinn er veittur til verksins: Faktorshús, Neðstikaupstaður - Gluggar og klæðning á vesturgafli, sbr. umsókn nr. 618201612. Styrkþega er óheimilt að framselja styrkinn eða ráðstafa til annarra aðila eða til annarra verkefna eða annarra framkvæmda en getið er um í umsókn án skriflegs samþykkis Minjastofnunar Íslands.

Styrkþegi skal tilkynna styrkveitanda án tafar ef breytingar verða á högum styrkþega sem geta haft áhrif á framkvæmd verkefnisins. Verði breytingar sem skerða möguleika styrkþega til að vinna verkið getur réttur styrkþega til styrkveitingar fallið niður.

Áður en framkvæmd er hafin skal styrkþegi leita samráðs og samþykkis styrkveitanda fyrir tilhögun verksins.

Ef um byggingarleyfisskylda framkvæmd er að ræða skal styrkþegi senda rafrænt afrit af uppdráttum og verktækningum, þ.e. sömu gögn og send eru byggingarfulltrúa.

Styrkþegi skal vinna verkið í samræmi við vinnuáætlun sem samþykkt er af styrkveitanda. Styrkþegi skal leita fyrirfram samþykkis styrkveitanda fyrir frávikum. Styrkur greiðist óðeins út ef gæði vinnu eru í samræmi við kröfur styrkveitanda. Allur frágangur við verkefnið verður að vera til fyrirmynadar og í samræmi við lög, reglugerðir og samþykkt viðmið.

Til hliðsýnará skal hafa ritróð Húsafríðunarnefndar um viðhald og endurbætur friðaðra og varðveisluverðra húsa. Ritin má nálgast á heimasíðu Minjastofnunar Íslands, www.minjastofnun.is, undir Gagnasafn.

Upplýsingar um fastanúmer, landnúmer og staðgreini fasteignar skulu koma fram í gögnum er verkefnið tengjast og send eru Minjastofnun Íslands. Ef mannvirkir er ekki skráð með þeim hætti í fasteignaskrá skal taka af því myndir sem skulu staðsettar vandlega (með gps-hnitum ef hægt er).

4. gr.

Greiðsla styrks og greiðslufyrirkomulag

Styrkurinn sem samningur þessi hljóðar um er til verkefna á árinu 2017.

Styrkurinn greiðist út í tvennu lagi með eftirfarandi hætti:

- 1) Sjötíu prósent styrkfjárhæðar greiðast þegar verkefni hefur sannanlega hafist.
- 2) Þrjátíu prósent styrkfjárhæðar greiðast eftir lok verks, þegar fullnægjandi lokaskýrsla, að mati styrkveitanda, hefur borist styrkveitanda.

Áður en framkvæmd er hafin skal styrkþegi leita samráðs og samþykkis styrkveitanda á tilhögun verksins. Þegar verk hefur hafist skal styrkþegi gera styrkveitanda grein fyrir því með greinargerð og ljósmyndum eða úttekt minjavarrar. Styrkveitandi metur hvort um fullnægjandi upphaf framkvæmda sé að ræða fyrir greiðslu fyrri hluta styrksins. Í því skyni er styrkveitanda heimilt að óska eftir frekari gögnum og upplýsingum frá styrkþega.

Styrkþega ber að skila inn greinargerð um framvindu verkefnisins eigi síðar en 1. september 2017.

Styrkþega ber að skila til styrkveitanda lokaskýrslu um verkefnið, ásamt ljósmyndum af því sem framkvæmt hefur verið, eigi síðar en 1. desember 2017 eða eftir nánara samkomulagi við styrkveitanda. Greiðsla síðari hluta styrksins, sbr. liður 2), fer fram þegar fullnægjandi lokaskýrsla, að mati styrkveitanda, hefur borist.

Hafi greinargerð um framvindu eða lokaskýrsla ekki borist fyrir tilsetta tíma, sbr. framangreint, án fullnægjandi skýringa að mati styrkveitanda, er styrkveitanda heimilt að stöðva greiðslur til styrkþega. Jafnframt er styrkveitanda heimilt að krefjast fullrar endurgreiðslu á því sem þegar hefur verið greitt.

Styrkþegi getur sótt um lengra greiðslutímabil styrksins en greinir í 4. gr. þessa samnings. Heimilt er, vegna sérstakra aðstæðna, að veita frest til greiðslu styrks til næsta árs á eftir úthlutun, hafi borist

formleg beiðni þess efnis fyrir lok úthlutunarárs, sbr. 2. gr. reglna nr. 577/2016 um úthlutun úr húsafríðunarsjóði.

5. gr.

Eftirlit

Styrkveitandi hefur eftirlit með að framkvæmdir við styrkt verkefni séu viðunandi af hendi leystar og í samræmi við innsendar umsóknir og fylgigögn styrkbeïðanda. Styrkveitandi (eða fulltrúi hans) skal í því skyni eiga greiðan aðgang að vinnustæð framkvæmda á verktímanum og er heimilt að óska eftir hvers kyns gögnum og upplýsingum frá styrkþega sem þykj nauðsynleg vegna eftirlitsins.

6. gr.

Ábyrgð styrkhafa

Styrkþegi ábyrgist með undirritun samnings þessa að aflað hafi verið allra lögbundinna leyfa og samþykkta sem nauðsynleg eru vegna verkefnis, hvort sem er frá stjórnvöldum eða einkaaðilum. Komi í ljós á framkvæmdatíma að skortir á nauðsynlegt leyfi og/eða samþykkt fyrir verki eða hluta þess, er á ábyrgð styrkþega að bæta úr því tafarlaust.

7. gr.

Vanefndir

Brjóti styrkþegi gegn ákvæðum samnings þessa og/eða öðrum skilmálum um úthlutun styrkja úr húsafríðunarsjóði, sbr. reglur nr. 577/2016, er styrkveitanda heimilt að stöðva greiðslur til styrkþega samkvæmt samningi þessum. Jafnframt er styrkveitanda heimilt að krefja styrkþega um fulla endurgreiðslu á því sem þegar hefur verið greitt.

Brot á samningnum eða öðrum skilmálum styrkveitingar getur haft áhrif á móguleika styrkþega til frekari styrkveitinga úr húsafríðunarsjóði.

8. gr.

Lögsaga og undirritun

Um samning þennan gilda íslensk lög. Mál er kunna að rísa út af samningi þessum skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Til staðfestingar á öllu framangreindu undirrita báðir samningsaðilar samning þennan. Fulltrúi styrkþega staðfestir með undirritun sinni að hann hafi heimildir lögum samkvæmt til undirritunar fyrir hönd styrkþega.

Reykjavík, 3. maí 2017.

F.h. Minjastofnunar Íslands

F.h. styrkþega

Esther Anna Jóhannsdóttir

(Nafn og kt. þess sem undirritar f.h. styrkþega)